

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Á þeim skamma tíma, sem til umræða hefur verið, hafa fjárhags- og viðskiptanefndir beggja deilda haldið sameiginlegan fund þar sem fjallað var um frumvarpið. Kallaðir voru á fund nefndanna til að útskýra efni og forsendur frumvarpsins: Aðilar vinnumarkaðarins, starfsmenn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, fjármálaráðuneytis, Háskóla Íslands, Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar.

1. minni hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með nokkrum breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Samkomulag aðila vinnumarkaðarins um húsnæðismál felur í sér 925 m.kr. meiri skuldabréfakaup lífeyrissjóða en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun að veitt yrði í húsnæðiskerfið. Í frumvarpinu eru ákvæði um að 300 m.kr. renni til aðstoðar þeim húsbyggjendum sem eiga í greiðsluferfiðleikum og komi til aukningar á útlánunum Byggingarsjóðs ríkisins. Jafnframt var við það miðað að á móti auknum skuldabréfakaupum lífeyrissjóða af húsnæðiskerfinu kæmi lækkan á framlagi ríkissjóð um 625 m.kr.

Þær breytingar, sem 1. minni hl. nefndarinnar leggur fram, miða að því að framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins haldist óbreytt frá fjárlögum 1986. Þess í stað skiptast 925 m.kr. viðbótarkaup lífeyrissjóða á skuldabréfum þannig að 625 m.kr. verða keyptar af ríkissjóði og 300 m.kr. af Byggingarsjóði ríkisins. Þessar tillögur fela það jafnframt í sér að framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðsins skerðist ekki miðað við ákvæði laga.

Þá er gerð leiðrétting á einu tollskrárnumeri í frumvarpinu og nokkrum númerum bætt við.

Í eftirfarandi yfirliti eru dregin saman áhrif frumvarpsins, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem 1. minni hl. leggur til, á afkomu ríkissjóðs á árinu 1986 og sýndur samanburður við fjárlög (í m.kr.):

	Fjárlög 1986	Endurskoðun 1986
1. Tekjur .....	37 854	35 344
2. Gjöld .....	37 691	36 831
<b>3. Tekjur umfram gjöld (1-2) .....</b>	<b>+163</b>	<b>-1 487</b>
Lánahreyfingar:		
4. Afborganir lána, veitt lán o.fl. ....	3 619	3 469
5. Viðskiptareikn., nettó útstreymi .....	1 150	1 150
<b>6. Lánsfjárbörf (4+5-3) .....</b>	<b>4 606</b>	<b>6 106</b>
<b>7. Lántökur:</b>		
Innlendar .....	2 100	3 575
Erlendar .....	2 550	2 550

Í hnotskurn fela breytingartillögur 1. minni hl. í sér að rekstrarhalli ríkissjóðs eykst um 625 m.kr. frá frumvarpinu. Í tengslum við þá breytingu flyst lánsfjáröflun frá Byggingarsjóði ríkisins til ríkissjóðs. Þessi ráðstöfun breytir því ekki heildarlántökum opinberra aðila, húsbyggingsjóða, lánastofnana og atvinnufyrirtækja frá því sem frumvarpið gerði ráð fyrir. Heildarlántökur þessara aðila eru áætlaðar 13 427 m.kr. á árinu 1986, þar af er ráðgert

að afla 5 985 m.kr innanlands og 7 442 m.kr. með erlendum lántökum. Frekari sundurliðun kemur fram í fylgiskjali.

Alþingi, 28. febr. 1986.

Jón Kristjánsson,  
varaform., frsm.

Valdimar Indriðason.

Egill Jónsson.

### Fylgiskjal.

**Innlendar og erlendar lántökur samkvæmt lánsfjárlögum  
og endurskoðun ríkisfjármála 1986.  
Í milljónum króna.**

	Lánsfjárlög 1986			Endurskoðun ríkisfjármála		
	Innlendar lántökur	Erlend lán	Heildar- lántökur	Innlendar lántökur	Erlend lán	Heildar- lántökur
<b>1. Opinberir aðilar</b> .....	<b>2 100</b>	<b>3 360</b>	<b>5 460</b>	<b>3 575</b>	<b>3 240</b>	<b>6 815</b>
Ríkissjóður .....	2 100	2 550 <sup>1)</sup>	4 650	3 575	2 550 <sup>1)</sup>	6 125
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs ...	—	680	680	—	560	560
Sveitarfélög .....	—	130	130	—	130	130
<b>2. Húsbyggingasjóðir</b> .....	<b>1 530</b>	—	<b>1 530</b>	<b>1 830</b>	—	<b>1 830</b>
Byggingarsjóður ríkisins .....	1 150	—	1 150	1 450	—	1 450
Byggingarsjóður verkamanna .....	380	—	380	380	—	380
<b>3. Lánastofnanir</b> .....	<b>580</b>	<b>1 967</b>	<b>2 547</b>	<b>580</b>	<b>1 352</b>	<b>1 932</b>
Framkvæmdasjóður .....	540	1 482	2 022	540	882	1 422
Iðnþróunarsjóður .....	—	95	95	—	95	95
Stofnlánadeild landbúnaðarins .....	40	—	40	40	—	40
Byggðastofnun .....	—	350	350	—	335	335
Útflutningsláναςjóður .....	—	40	40	—	40	40
<b>4. Atvinnufyrirtæki</b> .....	—	<b>2 950</b>	<b>2 950</b>	—	<b>2 850</b>	<b>2 850</b>
Ósundurliðað .....	—	2 950	2 950	—	2 850	2 850
<b>5. Heildarfjárbörf (1+...+4)</b> .....	<b>4 210</b>	<b>8 277</b>	<b>12 487</b>	<b>5 985</b>	<b>7 442</b>	<b>13 427</b>

1) Þar af endurlánaðar 150 m.kr. til Byggingarsjóðs ríkisins.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.